

Minnisblað

Reykjavík, 2. júní 2023

Tilvísun: 2302857

Efni: Minnisblað til umhverfis- og samgöngunefndar

Höfundur: Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir, deildarstjóri lögfræðideildar

Minnisblað þetta er ritað að beiðni nefndarmanna í umhverfis- og samgöngunefnd en Samgöngustofa fór fyrir nefndina þann 30. maí sl. til að ræða 589. mál, frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 77/2019.

Vátrygging smáfarartækja

Yfirferðar Samgöngustofu var óskað hvað varðar tryggingamál smáfarartækja en vakin er athygli á því að tryggingamál ökutækja heyra almennt ekki undir Samgöngustofu og væri því jafnvel ráð að leita til fjármála- og efnahagsráðuneytisins til að fá frekari upplýsingar.

Í 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjetryggingar kemur fram að eigandi (umráðamaður) ökutækis skal bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Á grundvelli 10. gr. sömu laga ber að ábyrgðartryggja ökutækið hjá vátryggingafélagi. Lögin gilda hins vegar einungis um skráningarskyld ökutæki og því eru ökutæki sem ekki eru skráningarskyld undanþegin kröfu um ábyrgðartryggingu (auk þess sem tiltekin skráningarskyld ökutæki sem ætluð eru til notkunar utan vega eru einnig undanþegin tryggingaskyldu).

Með vísan til framangreinds gildir að ökutæki á borð við rafhlaupahjól, rafmagnsreiðhjól sem ekki komast hraðar en 25 km á klst. og þar sem hámarksafl vélar er ekki meira en 250 W, létt bifhjól í flokki I og hefðbundin reiðhjól eru ekki vátryggingaskyld skv. framangreindum lögum.

Um bótaábyrgð og stöðu þeirra sem valda tjóni á slíkum tækjum gilda því ekki aðrar reglur en almennar skaðabótareglur og gera má ráð fyrir að í tjónamáli sem upp kæmi yrði skoðað hvort viðkomandi einstaklingur hafi fylgt umferðarreglum sem um notkun þeirra tækja gilda. Þannig gildir kafli VII í umferðarlögum nr. 77/2019 um reiðhjól þ. á m. rafhlaupahjól og rafmagnsreiðhjól og kafli VIII í umferðarlögum nr. 77/2019 um létt bifhjól.

Aldurstakmark á smáfarartækjum

Samgöngustofa bauðst einnig til að taka saman reglur um lágmarksaldur annarra Norðurlanda fyrir notkun á smáfarartækjum og eftir því sem stofnunin kemst næst þá eru reglur um lágmarksaldur eftirfarandi:

Danmörk: 15 ár, með ákveðnum undantekningum hvað varðar eftirlit og leiðsögn fullorðinna og akstur á merktu leik- eða afþreyingarvæði.

Noregur: 12 ár.



Samgöngustofa

Finnland: Ekki aldurstakmark ef rafhlaupahjólið kemst ekki hraðar en 15 km á klst. og aflið fer ekki yfir 1 kW.

Svíþjóð: Ekki aldurstakmark ef rafhlaupahjólið kemst ekki hraðar en 20 km á klst. og ef aflið fer ekki yfir 250W.

Stöðureitir

Þá var Samgöngustofa beðin um að meta hvort þörf væri á nýju ákvæði um stöðureiti í umferðarlögum nr. 77/2019 sem veitir veghaldara heimild til að taka á því vandamáli að rafhlaupahjólum sé lagt á víð og dreif um bæinn.

Samgöngustofa tekur undir afstöðu innviðaráðuneytisins sem fram kemur í minnisblaði ráðuneytisins dags. 13. apríl 2023 en þar bendir ráðuneytið á að veghaldara er samkvæmt 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga heimilt að kveða á um varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Getur það meðal annars tekið til stöðvunar og lagningar ökutækis.